

Fundur BR nefndar STÍ 23.10.24

Mættir eru Magnus Ragnarsson, Jóhannes Frank, Jón B Kristjánsson og Heiða Lára

Fundur settu kl 21:00

Dagsskrá fundar

1. Tillaga að meistaraflokkum í Bencrest greinum (rimfire)
meistaraflokkur sporter 734
meistaraflokkur lr 741
meistaraflokkur hr 746
meistaraflokkur HC 744 (741 nýjasta)
 1. Lagt til að miðað við miðgildi af evrópu og heimsmeistaramótum. MR ætlar að bera saman munin á mismunandi útfærslun. Samþykkt að setja upp meistaraflokka. Lokaútfærsla kynnt á næsta fundi nefndarinnar
2. Skilgreiningar á flokkunum í WRABF og ERABF. Eru flokkarnir sjálfstæðar greinar eða sama mótið.
 1. Nefndin sammála að um sitthvort mótið er að ræða. Mismunandi búnaðarreglur í hverjum flokki og Íslandsmeistari í hverjum flokki og þ.a.l. er um sjálfstæð mót að ræða. Því er eðlilegt að keppnisgjald sé á hvern flokk
3. Yfirferð á mótum sumarsins.
 1. Dreifa betur mótum betur á sumarið eftir mótahaldið í sumar en kom fram að flest mótin lentu seinnipart sumars. Má rekja það til m.a. hversu illa og seint gekk að koma mótaskránni út.
4. Tillögur að mótum næsta tímabils
 1. Lágmark 1 mót, mest 3. Í því fellst að BR nefnd STÍ leggur til við mótanefnd STÍ að óskað verði eftir að aðildarfélögin haldi 1 Íslandsmeistaramót og tvö landsmót á næsta tímabili. Önnur mót sem aðildarfélög kjósa að halda og uppfylla öll skilyrði landsmóta heita þá opin innanlandsmót og er hægt að fá þau skráð í mótskrá STÍ að fyrrgreindum skilyrðum uppfylltum.
5. Komandi mót í Finnlandi.
 1. Lagt til að STÍ láti félögin vita af mótinu en skrá þarf fyrir miðjan janúar. Hefur komið fram ábending að ekki hefur verið staðið vel að því að auglýsa komandi mót erlendis og nefndin sammála því að það verði gefið út

2. Lagt til að reglur verði settar um val inn í mót ef fleiri sækja um en komast. Verður óskað eftir því við Stjórn STÍ setji skýrt fram hvernig staðið er að vali á erlend mót og stuðningu við keppendur sem sækjast eftir að fara á erlend mót
- 3.
6. Tillaga að reglum um verðlaun í BR greinum. Jón B. Kristjánsson lagði fram tillögur að reglum um verðlaun í BR greinum
 1. Til umræðu voru verðlaunagripir á mótum. Var komið inná að það væri ekki samræmi í verðlaunagripum og sumstaðar væri ekki verið að gefa STÍ peningana í verðlaun á mótum. MR benti á að reglugerð STÍ um verðlaun í skotíþróttum og væri þar fjallað um hvaða verðlaunagripi skuli gefi. Það væru lágmarksverðlaun en það væri mótshaldara í sjálfsval sett að leggja til veglegri verðlaun kjósi þeir það. MR benti á að mögulega þyrfti STÍ að áréttta við mótshaldara að fara eftir reglum og gefa STÍ peninga á landsmótum, en einnig væri óheimilt að gefa merkta STÍ peninga umfram það sem kemur fram í reglunum.
 2. Einnig var rætt um ásynd verðlaunaafhendinga og kom til umræðu að mikilvægt væri að félögin ættu verðlaunapalla og umgjörð í kring væri með þeim hætti að hún myndi bæta ásynd íþróttanna. Það væri misvel að þessu staðið hjá aðildarfélagunum, þar sem sum væru með þetta til fyrirmyndar og annarstaðar mætti bæta verulega úr. Til væru strangar fatareglur á mótum og það væri ekki minna mikilvægt að standa vel að verðlaunaafhendingu og myndatöku.
7. Önnur mál
 1. Ekki fleirra rætt þar sem fundur var orðinn langur.
8. Fundi slitið kl. 22:50